


**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar fai

Fjallabyggð



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032

Forsendur

1. hluti af 4

Drög

september 2020



EFNISYFIRLIT

1	SKIPULAGSSVÆÐID	2
1.1	SKIPULAGSSAGA	3
2	STAÐHÆTTIR	4
2.1	SIGLUFJÖRÐUR.....	4
2.2	HÉÐINSFJÖRÐUR	4
2.3	ÓLAFSFJÖRÐUR	4
2.4	NÁTTÚRUFAR	5
2.5	VEÐURFAR	6
2.6	BÆJARMYND	6
2.7	BÚSETULANDSLAG	8
3	MANNFJÖLDI OG BYGGÐARÞRÓUN	9
3.1	ÍBÚAFJÖLDI OG ÍBÚASPÁ	9
3.2	ÍBÚÐIR OG ÍBÚÐAÞÖRF	13
4	ATVINNULÍF	16
4.1	ATVINNUGREINAR	16
4.2	ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	17
4.3	MÍÐSVÆÐI	18
5	SAMGÖNGUR, VEITUR OG SORP	19
5.1	FLUGVÖLLUR	19
5.2	VEGA- OG GATNAKERFI.....	19
5.3	VEITUR	21
5.4	ÚRGANGSMEDHÖNDLUN.....	21
6	NÁTTÚRUVÁ	23
6.1	SNJÓFLÓÐ	23
6.2	SKRIÐUFÖLL.....	24
6.3	VATNSFLÓÐ.....	24
6.4	SJÁVARFLÓÐ.....	24
7	AÐRAR ÁÆTLANIR	26
7.1	HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN.....	26
7.2	LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026	27
7.3	SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2025.....	28
7.4	SKIPULAG AÐLIGGJANDI SVEITARFÉLAGA.....	29
7.5	SAMGÖNGUÁÆTLUN 2019-2033	29
7.6	NÁTTÚRUMINJASKRÁ	29
7.7	VELFERÐ TIL FRAMTÍÐAR.....	29
7.8	AÐGERÐAÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM 2018-2030.....	29
7.9	STEFNUMÖRKUN ÍSLANDS UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ.....	30
7.10	HÚSNÆÐISÁÆTLUN FJALLABYGGÐAR	30
8	HEIMILDASKRÁ	31


Forsíðumynd: Guðný Ágústsdóttir

Skipulagsgögn samanstanda af:
sveitarfélagsupprætti dags. 08.09.2020
þéttbýlisupprætti dags. 08.09.2020
og greinargerð í fjórum hlutum, dags. 08.09.2020:

- 1 forsendur
- 2 landnotkun
- 3 umhverfisskýrsla
- 4 viðaukar

1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Endurskoðunin nær til sveitarfélagsins í heild sem er 364 km² að flatarmáli. Það nær til tveggja þéttbýlisstaða, Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Skipulagsupprættir eru þrír þ.e. einn fyrir sveitarfélagið í heild og einn fyrir hvort þéttbýli.



Mynd 1. Sveitarfélagið afmarkað með grárrí þekju, þéttbýli merkt með rauðum punktum og núverandi vegakerfi (gangamunnar eru merktir).

1.1 SKIPULAGSSAGA

Endurskoðað aðalskipulag Fjallabyggðar byggist á eldri skipulagsáætlunum. Ákveðnir drættir byggðar og samfélagsuppbyggingar eru mótaðir í þessum áætlunum sem mynda samfellu með breytingum í samræmi við breyttar forsendur.

SIGLUFJÖRÐUR

- Séra Bjarni Þorsteinsson prestur á Siglufirði gerði skipulagsuppdrátt fyrir Siglufjörð sem mótaði byggðina á Eyrinni á uppgangstímum á fyrri hluta 20. aldar.
- Skipulagsnefnd ríkisins vann skipulagsuppdrætti í lok þriðja áratugar aldarinnar og var skipulagið staðfest 1936.
- Aðalskipulag Siglufjarðar 1980-2000
- Aðalskipulag Siglufjarðar 2003-2023

ÓLAFSJÖRÐUR

- Skipulagsnefnd ríkisins vann skipulag fyrir Ólafsfjörð, sem staðfest var 1937.
- Aðalskipulag Ólafsfjarðar 1976-1996
- Aðalskipulag Ólafsfjarðar 1990-2010

FJALLABYGGÐ

- Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

2 STADHÆTTIR

Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga. Láglandi er lítið eins og nafn sveitarfélagsins ber með sér en fjöll og jökulsorfnir dalir einkenna mjög landslagið.

Þrír firðir eru í sveitarfélaginu, Siglufjörður, Héðinsfjörður og Ólafsfjörður.

2.1 SIGLUFJÖRÐUR

Siglufjörður er nyrstur og gengur til suðvesturs inn í Tröllaskaga, umgirtur um 600 – 900 metra háum fjöllum á þrjá vegu. Fjörðurinn er um 8 km langur frá Siglunesi og inn í fjarðarbotn Fjarðaráróss. Breiðastur er fjörðurinn í fjarðarmynninu nyrst, um 3 km. Undirlendi er í botni fjarðarins og á Þormóðseyri þar sem Siglufjarðarkaupstaður stendur. Eyrin, sem nefnd er eftir landnámsmanninum Þormóði ramma, er lág og þarf að taka tillit til þess í deiliskipulagsvinnu og byggingu nýrra húsa vegna líklegar hækkunar á sjávarstöðu. Hún nær um 400 m út í fjörðinn og er um 600 m breið. Eitt besta skipalægi á Íslandi var við sunnanverða eyrina.

Inn í fjallgarðinn ganga þrír stuttir dalir:

- Skarðsdalur er grynstur og gengur til vesturs. Leiðin um Siglufjarðarskarð liggur um hann og þar er einnig skíðasvæði Siglfirðinga.
- Hólsdalur er dýpstur og gengur í suður. Um hann rennur Fjarðará sem er árspræna með litlu rennissviði.
- Skútudalur gengur til suðausturs. Um Hestskarð og Skútudal voru samgöngur við Héðinsfjörð meðan hann var í byggð.

Út með firðinum að vestanverðu liggur vegur út í Stráka og í gegnum Strákagöng yfir í Skagafjörð (1967). Milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar liggur bílvegur um Héðinsfjarðargöng, tvenn göng, sem opnuð voru árið 2010.

2.2 HÉDINSFJÖRÐUR

Héðinsfjörður gengur inn á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, þröngur og girtur bröttum fjöllum. Fjörðurinn er 5 km að lengd og 2 km að breidd. Víkursandur er sjávarkambur þvert fyrir botni fjarðarins. Innan við kambinn 1,7 km² sjávarlón sem nefnist Héðinsfjarðarvatn.

Tveir dalir ganga innst inn úr Héðinsfirði, Ámárdalur og Afrétt. Einangrun Héðinsfjarðar var rofin með opnun Héðinsfjarðarganga árið 2010 en þá hafði fjörðurinn verið í eyði í tæpa sex áratugi.

2.3 ÓLAFSFJÖRÐUR

Ólafsfjörður er syðstur og austastur þessara þriggja fjarða í Fjallabyggð. Hann er 5 km langur og skerst til suðvesturs milli Hvanndalabjargs og Ólafsfjarðarmúla. Þéttbýlið Ólafsfjörður stendur á sandrifi í fjarðarbotninum. Innan við þéttbýlið er um 14 km langur dalur með ákveðnu búsetulandslagi. Neðst í dalnum er Ólafsfjarðarvatn, 2,4 km² stöðuvatn. Inn af megin dalnum ganga a.m.k. níu minni dalir sem sumir greinast í aðra enn minni. Helstu dalir fjarðarins eru:

- Ytri-Árdalur
- Skeggjabrekkudalur sem er vinsælt útivistarsvæði
- Kvíabekkjardalur

Vestan megin út með firðinum við Ytrárdal eru Kleifar, lítið undirlendi þar sem áður var umtalsverð byggð, landbúnaður og útgerð.

Ólafsfjarðarmúli er 960 m hátt sæbratt fjall yst í firðinum að austanverðu en um skriður þess lá bílvegur yfir í Eyjafjörð frá 1966. Jarðgöng undir Múlann voru opnuð 1991.

2.4 NÁTTÚRUFAR

2.4.1 VÖTN, ÁR OG SJÓR

Héðinsfjarðarvatn og Ólafsfjarðarvatn eru stærstu vötnin í sveitarfélaginu. Bæði eru þau sérstök og með verndargildi vegna náttúruferðar, vistsamsetningar og sem landslagsheildir.

Héðinsfjarðarvatn er yst í dalnum og skilur Víkursandur vatnið frá sjó. Það er 2,5 km að lengd og um 800 metra breitt. Mikið er af bleikju í Héðinsfjarðarvatni og virðist hún skiptast upp í nokkur afbrigði. Þrjú afbrigði eru í vatninu, hugsanlega fjögur. Vatnið er að mörgu leyti sérstætt á landsvísu og talið geta staðið undir talsverðri veiðisókn.

Lífríki Ólafsfjarðarvatns er mjög fjölskrúðugt og einstakt hvað varðar vistsamsetningu. Það er lagskipt með fersku og söltu vatni og sums staðar eru hlý vatnslög, það er á náttúruminjaskrá vegna þessara eiginleika. Vatnið er um um 2,8 km á lengd og um 1 km á breidd þar sem það er breiðast. Allbreitt rif skilur vatnið frá sjónum og er ós úr því til sjávar. Ólafsfjarðarkaupstaður stendur að hluta til á þessu rífi. Að jafnaði er mikil bleikjuveiði í vatninu og vatnasviði þess. Rannsóknir benda til þess að í vatninu sé bleikja með þrennskonar lífsferla. Vegna eiginleika vatnsins veiðast margar aðrar fiskitegundir, sjávar- og vatnategundir, jafnt sumar sem vetur.

Helstu ár sveitafélagsins eru Fjarðará í Siglufirði, Fjarðará í Ólafsfirði og Héðinsfjarðará.¹

2.4.2 FUGLALÍF

Mikið fuglalíf er í Fjallabyggð allt árið. Um 18 tegundir eru að jafnaði taldar í jólatalningu Náttúrufræðistofnunar. Fjölbreytilegasta fuglalífið í Siglufirði er í kringum Leirurnar, flæðisanda innst í firðinum. Fuglalíf í Héðinsfirði einkennist af mófuglum sem búa í lyngmóum og graslendi. eru það þúfutittlingur, heiðlóa, rjúpa og hrossagaukur. Í skriðum, urðum og giljum eru snjótittlingar og steindepill. Í kjarrlendi eru skógarprestir. Allar tegundirnar eru algengar og útbreiddar á landsvísu. Í flóanum inn af Héðinsfjarðarvatni eykst á fjölbreytileikann þegar komið er inn á búsvæði vatnafugla. Þar er að finna álft, stökkönd, urtönd, straumönd, æður og toppönd auk mófugla eins og jaðrakan, spóa, stelk og óðinshana. Himbrimi og straumönd eru einu tegundirnar sem fundust á athugunarsvæðinu sem eru á válista.² Gera má ráð fyrir að sömu tegundir finnist einnig beggja vegna Héðinsfjarðar.

2.4.3 GRÓÐURFAR

Gróðurfar í sveitarfélaginu er fjölbreytt og einkennist af snjóþunganum sem þar ríkir á veturnum auk votlendis og mýrargróðurs. Sjaldgæfar plöntur á landsvísu eru óvenju útbreiddar en þó eru þar engar plöntur á válista. Þetta eru burknar eins og skollakambur, þúsundblaðarós og skjaldburkni auk jafna eins og lygnjafna og litunarjafna og blómjurta eins og bláklukkulyngs, skollaberja, skrautpunts og hjartafíls. Einnig er mikið af brönugrös, hárdeplu og fjandafælu. eru aðalheimkynni tveggja þessara tegunda á Íslandi, hjartafíls og bláklukkulyngs, á skögunum beggja vegna Eyjafjarðar.

Skógrækt er stunduð í Hólsdal í Siglufirði á þremur reitum. Mest er þar af stafafuru, blágreni, sitkagreni og lerki.

2.4.4 JARÐFRÆÐI

Berggrunnur Tröllaskaga hlóðst að mestu leyti upp á tímabilinu frá um 12 til 4 milljóna ára. Upphleðslan markast í stórum dráttum af legu gosbeltisins um Ísland. Megineldstöðvarnar sem mótuðu þennan landshluta voru í Flókadal í Fljótum, við Hóla í Öxnadal, við Austurdal og á Nýjabæjarfjalli. Á nokkrum endurteknum ísaldarskeiðum hafa geysiöflugir skriðjöklar sorfið til fjöllin og skafið niður skálar og dali í það landslag sem við sjáum í dag. Berggangar eru mjög algengir á þessu svæði en þeir eru oftast ekki

¹ Bjarni Jónsson, 2001.

² Ólafur K. Nielsen, 2001.

harðari en grannbergið. Nyrðri hluti skagans, norðan Öxnadalshéiðar einkennist öðru fremur af tiltölulega heildstæðri fjallahæð sem hefur gjarnan flatmyndaða kolla í svipaðri hæð eða fjallasildur með bröttum fjallabrunum, víða með skálum og skörðum. Fjöllin rísa þar hæst í fjallgarðinum milli Skíðadals og Hörgárdals þar sem tindar ná upp í 1456 m hæð í Dýjafjallshnjúki. Næst Hörgárdal og Skíðadal eru flestir tindar hvassbrýndir en til vesturs og norðvesturs ber sífellt meira á flötum fjallatoppum, jafnframt því sem fjöllin lækka í stórum dráttum til NNV og svipuð fjallahæð verður beggja vegna einstakra dala.³

2.4.5 SKÓGRÆKT

Skógrækt í Skarðsdal hófst árið 1951 þegar Skógræktarfélag Siglufjarðar sem stofnað var árið 1940 hóf gróðursetningu skógarplantna í landi Skarðdalskots. Þar hefur vaxið verulega myndarlegur skógur í fögru umhverfi þar sem Leyningsfoss (Kotafoss) setur mikinn svip á staðinn. Skógræktin í Skarðsdal hefur á síðustu árum verið eitt helsta útivistarsvæði Siglufjarðinga. Sitkagreni vex þar af krafti, en blágreni er sú planta sem hefur reynst einna harðgerðust í köldum árum. Einnig dafnar allvel stafafura og lerki. Íslenska birkið virðist hins vegar hafa átt erfitt uppdráttar á þessum stað. Ræktun þessa skógar var lengst af í höndum frumkvöðulsins Jóhanns Þorvaldssonar fyrrverandi skólastjóra.

Landgræðsluskógur að Leyningi hefur verið í ræktun skv. samningi sveitarfélags og skógræktarfélags Siglufjarðar. Einnig er í ræktun skógur í landi Hóls í Hólsdal skv. ræktunarsamningi.

Í Fjallabyggð er einungis ein jörð með frágenginn útplöntunarsamning við Norðurlandsskóga, Þverá í Ólafsfirði. Kálfsárkot hefur verið í skjólbeltarækt.

Talsverð trjárækt er í gördum á Siglufirði og Ólafsfirði og setur hún svip á bæjarmyndina.

2.5 VEÐURFAR

Veðurfar í Fjallabyggð er töluvert frábrugðið því sem víðast er á Íslandi, sökum hárra fjalla og nálægðar við opið haf mót norðri.

Á Siglufirði er lygnara en víða á norðanverðum Tröllaskaga. Nálægð við sjóinn dempar hitafar; ekki er eins hlýtt á sumrum og kalt á vetrum eins og inni í landi. Hiti í Ólafsfirði hefur mælst heldur lægri á veturna en í Siglufirði en að sama skapi er ívið hlýrra að sumarlagi í Ólafsfirði. Hnjúkaþeyr er tíður samfara suðvestanátt í Ólafsfirði og hiti yfir 10°C er ekki óalgengur yfir vetrartímamann.

Algengustu vindáttir í þéttbýlunum eru í takt við legu lands, þ.e. suðvestanátt (ríkjandi á vetrarmánuðum) og norðaustanátt (ríkjandi á sumarmánuðum). Hafgola yfir sumarmánuðina helgast af því að yfir daginn þegar heitt loft stígur upp þá dregur það kalt loft inn firðina frá úthafinu.

Úrkoma fellur nær eingöngu í norðaustlægum áttum yfir vetrarmánuðina og þá sem slydda eða snjór. Snjóþyngsli eru með því mesta sem gerist í byggð í landinu og er jörð talin alhvít að jafnaði mánuðina nóvember til apríl.


2.6 BÆJARMYND

Hér verður ekki rakin saga bæja og byggða í Fjallabyggð heldur raktir þeir þættir, sem helst hafa mótað þá bæjarmynd og umhverfi, sem er viðfangsefni skipulagsmála í dag.

³ Byggt að hluta á: Vegagerðin, Jarðfræðistofan ehf. okt. 2001. *Siglufjörður – Ólafsfjörður. Veggöng um Héðinsfjörð. Yfirlit yfir jarðfræði Tröllaskaga og aðstæður til jarðgangagerðar.*

2.6.1 SIGLUFJÖRÐUR

Bæjarmynd Siglufjarðar var mótuð af séra Bjarna Þorsteinssyni, sem gerði skipulagsuppdrátt af eyrinni (sbr. prentaðan uppdrátt 1918) með hefðbundnu evrópsku bæjarskipulagi. Á flatri eyrinni var skipulagt gatnanet með reglulegum rétthyrndum byggðareitum.



Mynd 2. Skipulagsuppdráttur sr. Bjarna Þorsteinssonar frá árinu 1918

Í lok þriðja áratugarins hóf skipulagsnefnd ríkisins með þá Guðmund Hannesson lækni og Guðjón Samúelsson húsameistara ríkisins í fararbroddi vinnu við gerð skipulags og voru nokkrar skipulagstillögur lagðar fram uns nýtt skipulag var staðfest 1936 eftir miklar deilur milli skipulagsnefndar og Siglufirðinga. Guðmundur Hannesson gagnrýndi skipulag séra Bjarna, fannst það að öllum líkindum ekki nægilega heildstætt. Göturými eru opin og liggja sum eftir ríkjandi vindátt. Norðlendingar nefna oft því til varnar að götur sem liggja norður-suður fyllast síður af snjó; það skefur úr þeim.

Meginhluti íbúðarbyggðar er í brekkunni upp af Eyrinni og nær bæði til norðurs og suðurs frá henni. Hluti byggðarinnar var í hættu vegna snjóflóða og hefur nú verið gerður snjóflóðavarnargarður ofan hennar. Stór hluti íbúðarhúsanna eru brekkuhús, þ.e. tveggja hæða hús þar sem jarðhæðin er grafin í brekkuna að ofanverðu.

Á uppgangsárum síldartímans hélt strangt bæjarskipulag séra Bjarna utan um bæjarmyndina á Eyrinni þar sem byggingar mynduðu skýr og ákveðin bæjarrými, götur og torg. Húsin standa við götu, þ.e. við gangstétt en ekki inni á lóð nema í undantekningartilvikum. Framhlið snýr að götu og inngangur er á framhlið eða vel sýnilegur frá götu. Á þennan hátt móta byggingarnar vel skilgreind göturými og gefa byggðinni á Eyrinni ákveðna bæjarmynd.

Nú er byggðin á Eyrinni sundurlaus og skörðótt. Víða ægir saman ólíkum og misstórum byggingum enda mætast þar íbúðarsvæði og hafnar- og iðnaðarsvæði. Mikil breyting hefur orðið á ströndinni og hafnarsvæðum frá því á síldarárunum. Síldarplön og bryggjur hafa vikið fyrir umfangsminni en veigameiri hafnarmannvirkjum og sjóvarnargörðum enda tók togaraútgerð, rækjuvinnsla og loðnubræðsla við af síldinni á síðari hluta aldarinnar.

Hið stranga bæjarskipulag er góð forsenda þess að uppbygging, þétting og endurnýjun byggðar á Eyrinni styrki bæjarmyndina og einkenni staðarins. Því má segja að ákveðin og jákvæð uppbyggingartækifæri felist í þessu skýra bæjarskipulagi, sem gert var af framsýni og ákveðnu innsæi á sínum tíma.

Fyrir liggur húsakönnun elsta hluta byggðarinnar á Siglufirði (*Húsaskráning Siglufjarðar, 1. áfangi 2012/13, uppfært í desember 2017, Kanon arkitektar*). Í húsakönnuninni er gerð grein fyrir skipulagssögu Siglufjarðar á fyrri hluta 20. aldar auk mats á varðveislugildi bygginga og byggðar. Hluti Eyrarinnar, þ.e. reitur sem afmarkast af Aðalgötu, Eyrargötu, Grundargötu og Norðurgötu, hefur verið skilgreindur sem „verndarsvæði í byggð“ með vísan til laga þar um nr. 87/2015. Í greinargerð um verndarsvæðið (*Verndarsvæði í byggð, Þormóðseyri Siglufirði. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja, Birna Lárusdóttir*

og Birkir Einarsson 2018) er samantekt á byggingar- og skipulagssögu svæðisins. Vísað er til þessara heimilda hvað snertir nánari greiningu á sögulegum forsendum skipulagsmála á Siglufirði.

2.6.2 ÓLAFSFJÖRÐUR

Þegar þéttbýlið í Ólafsfirði byggðist upp úr aldamótum hefur „lítt verið hugsað um gott skipulag“⁴ eins og Guðmundur Hannesson nefndarmaður í skipulagsnefnd ríkisins orðaði það. Sum húsanna stóðu þó í beinum röðum. Skipulagsnefndin vann að gerð skipulags á fjórða áratuginum og var það staðfest 1937. Í grundvallaratriðum er bæjarmynd Ólafsfjarðar því mótuð á annan hátt en bæjarmynd Siglufjarðar. Áhrif frá hefðbundnu evrópsku bæjarskipulagi eru lítil og sjást helst í þeim línunum sem skipulagsnefndin dró í fyrsta skipulaginu.

Í elsta hluta bæjarins er byggðin sundurleit og hús af misjöfnum gæðum. Ekkert torg er í bænum og helsta kennileiti bæjarins er skíðstökkpallur sem stendur við tjörnina og var byggður árið 1967. Kirkjan stendur á miðjum byggðareit milli Strandgötu og Kirkjuveggar. Hún er lítt áberandi og er aðkoma að henni og myndarlegu safnaðarheimili um bílastæði. Helstu stofnanir, samfélagsþjónusta og íþróttamannvirki eru í brekkurótinni frá miðju bæjarins og suður úr. Eiginlegur miðbær er ekki greinanlegur í bæjarmyndinni.

Meginhluti byggðarinnar er á flatlendi milli sjávar og Ólafsfjarðarvatns. Tvær til þrjár húsaraðir eru upp í brekkunni vestan við. Byggðin í brekkunni er svipuð brekkubyggðinni á Siglufirði, þ.e. með brekkuhúsum þar sem jarðhæðin er grafin í brekkuna að ofanverðu.

Stór hluti bæjarins er tiltölulega ný byggð, þ.e. frá síðari hluta 20. aldar. Yfirbragð þeirrar byggðar er samstætt og snyrtilegt, hús almennt vonduð og vel við haldið. Meginhluti byggðarinnar er einnar hæðar einbýlishús. Einnar og tveggja hæða raðhús eru á reit milli Aðalgötu og Ólafsveggar og röð fjölbýlishúsa er norðan Ólafsveggar.

2.7 BÚSETULANDSLAG

Búsetulandslag er vítt hugtak sem nær til alls þess landslags sem maðurinn hefur mótað með búsetu sinni og nýtingu á náttúrunni. Til dæmis hefur sauðfjárbættir í haft víðtæk áhrif um allt land þar sem skóglendi og annar gróður hefur farið hverfandi að hluta til sökum hennar. Einnig má víða finna framræst tún og túngarða sem hafa breitt ásjón landslags. Býli, tún og beitiöld eru víða í sveitarfélaginu þó þau séu tiltölulega lítil þar sem flatlendi er lítið. Sérstætt búsetulandslag er á Kleifum í Ólafsfirði þar sem bæjabyrpingin einkennist af sérstökum byggingarstíl og sögulegri tengingu við útgerð og landbúnað.

2.7.1 LANDBÚNAÐARLAND

Í Fjallabyggð eru 8 lögbýli með ábúendum, flest í Ólafsfirði, þ.e. Bakki, Burstabrekka, Garður 2, Hlíð, Kálfsá, Vermundarstaðir og Þóroddsstaðir. Á Sauðanesi í Engidal utan Strákaganga er svo eitt lögbýli með ábúendum. Sá búskapur sem helst er stundaður á þessum lögbýlum tengist sauðfjár- og hrossarækt. Landbúnaðarland á Siglufirði er aðeins nýtt til beitar.

Samkvæmt lögbýlaskrá frá 2018 eru fimm lögbýli í eyði; Auðnir, Hóll á Siglufirði, Hóll í Ólafsfirði, Hreppsendaá og Máná.


⁴ Lýsing Guðmundar Hannessonar á Ólafsfirði 1932. Páll Línal. Bæirnir byggjast. Skipulagsstjóri ríkisins og sögufélag Reykjavíkur 1982.

3 MANNFJÖLDI OG BYGGÐARÞRÓUN

3.1 ÍBÚAFJÖLDI OG ÍBÚASPÁ

Íbúapróun Siglufjarðar er einstök og endurspeglar vel sveiflur og öfgar í uppbyggingu íslensks samfélags á fyrstu árum sjálfstæðis og lýðveldis. Verslun hófst í Siglufirði 1788 og varð Siglufjörður löggiltur verslunarstaður árið 1818. Þá var 161 íbúi í hreppnum, þar af 8 í þorpinu. Eftir að Norðmenn hófu síldveiðar á svæðinu um og upp úr aldamótunum 1900 óx bærinn hratt. Siglufjörður fékk kaupstaðarréttindi árið 1918 og bjuggu þar þá rúmlega 1.100 manns. Á „síldarárunum“ í lok 5. áratugarins voru íbúar rúmlega 3.000. Í landlegum var margfaldur sá fjöldi í bænum, bæði íslenskt verkafólk og sjómenn frá flestum löndum norður Evrópu, umsvif mikil og mannlíf og atvinnulíf fjölbreytt. En síldin kom og síldin fór og eftir að síldveiðitímabilinu lauk endanlega á sjöunda áratug aldarinnar fækkaði íbúum með vaxandi hraða fram að opnun samgangna við Eyjafjörð og uppbyggingu nýrra fyrirtækja í bænum á síðustu árum.


Ekki eru aðgengilegar mannfjöldatölur úr Þóroddsstaðahreppi í Ólafsfirði fyrir 1911 á vef Hagstofunnar. Heiti hreppsins var breytt í Ólafsfjarðarhrepp 1917. Ólafsfjörður er hafnleysa en liggur vel við útgerð og voru einhverjar verbúðir við sjóinn fyrir á tíð en í lok 19. aldar hófst þar föst búseta. 1901 bjuggu þar 82 íbúar. Sveitin er grösug og búsældarleg þrátt fyrir snjóþyngsli á veturnum. Ólafsfjörður varð löggiltur verslunarstaður 1905. Upp úr aldamótum var fólksfjölgun nokkuð ör og bjuggu rúmlega 500 manns í Ólafsfirði 1911. Fjölgaði íbúum jafnt og þétt fram yfir 1990 og urðu þá um 1.200. Þá tók við fólksfækkun, sem hæðir verulega á eftir opnun Héðinsfjarðarganga.



Mynd 3. Íbúafjöldi á Siglufirði frá 1889 og í Ólafsfirði frá 1911. Gögn liggja ekki fyrir um mannfjölda í Þóroddsstaðahreppi í Ólafsfirði fyrir 1911.

Í janúar 2019 voru 2.007 íbúar í Fjallabyggð, 1.186 á Siglufirði, 792 í Ólafsfirði og 29 í dreifbýli⁵. Undanfarna áratugi hefur fólksfækkun verið viðvarandi í sveitarfélaginu en frá árinu 2011 hefur íbúafjöldi staðið í stað. Forsendur eru til staðar sem gefa vísbendingar um áframhaldandi fólksfjölgun í Fjallabyggð. Má þar nefna uppgang í ferðaþjónustu og uppbyggingu í verksmiðju- og framleiðslugreinum.


⁵ Hagstofa Íslands



Mynd 4. Íbúafjöldi Siglufjarðar og Ólafsfjarðar (Fjallabyggðar) frá 1998-2019.

Ekki hefur verið unnin mannfjöldaspá fyrir Fjallabyggð og verður því notast við **a)** mannfjöldaspá Hagstofu Íslands sem miðast við meðalfjölgun á landinu öllu og **b)** íbúatölur eftir opnun Héðinsfjarðarganga framreiknaðar til 2030.

- Í mannfjöldaspá Hagstofunnar er spáð að árleg meðalfjölgun landsmanna verði 1% en í árslok 2030 verður hún u.þ.b. 0,73%. Miðað við þessar forsendur verða íbúar Fjallabyggðar um 2.200 árið 2030, fjölgun um 200 manns.
- Ef notast er við meðaltal íbúapróunar síðustu ára má gera ráð fyrir að íbúar verði ca. 2.000 árið 2030. En þar er reiknað með að árleg fólksfækkun verði um 0,33%.




Mynd 5. Fjöldi íbúa í Fjallabyggð 2010-2019 og spár til 2030.


Af þessum útreikningum má í grófum dráttum áætla að íbúar í sveitarfélaginu verði um 2100 ± 100 í lok skipulagstímabilsins.

3.1.1 ALDURSSKIPTING


Í gögnum frá Hagstofu Íslands frá 1. janúar 2019 má sjá að meðalaldur íbúa Fjallabyggðar er hár ef miðað er við meðaltal á landsvísu. Fjöldi íbúa á aldrinum 67 ára og eldri er 21% íbúa sveitarfélagsins, samanborið við 12% á landinu öllu⁶ (sjá mynd 6).




Mynd 6. Aldursskipting í sveitarfélaginu og á landsvísu (2015).



Mynd 7. Aldurshópar 1999



Mynd 8. Aldurshópar 2020




Mynd 9. Aldurshópar, tilgáta 2032

Á myndum 7-9 sjást þær breytingar, sem orðið hafa á aldursskiptingu undanfarna tvo áratugi. Sett er fram tilgáta um aldursskiptingu í lok skipulagstímabilsins, byggð á mannfjöldaspá Hagstofunnar og eru breytingar á landsvísu yfirfærðar á Fjallabyggð. Hlutfall fólks á starfsaldri verður svipað eða rúm 50%, hlutfall barna og ungmenna lækkar lítillega en hlutfall 70 ára og eldri hækkar nokkuð.


Í þróun aldurspíramída frá 1998 - 2019 má glögglega sjá að íbúar sveitarfélagsins eru að eldast. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar til ársins 2030⁷ er spáð mikilli fjölgun í aldursflokknum 67 ára og eldri og því hægt að gera ráð fyrir að hlutfall íbúa á þessum aldri í Fjallabyggð fari hækkanði. Mikilvægt er að gera viðeigandi ráðstafanir í uppbyggingu á húsnæði og þjónustu fyrir þann aldurshóp.

⁶ Hagstofa Íslands, 2019

⁷ Hagtíðindi 2013:2, 22. ágúst 2013. Spá um mannfjölda 2013-2060




Mynd 10. Aldurspíramídi 1998.



Mynd 11. Aldurspíramídi 2019

3.1.2 FJÖLSKYLDUSTÆRÐ


Árið 2018 voru skráðar 1.086 íbúðir í Fjallabyggð. Að meðaltali voru því 1,82 íbúa í hverri íbúð. Meðalfjöldi íbúa í hverri íbúð á Siglufirði er 1,8 en 2,0 í Ólafsfirði. Með breyttri aldursamsetningu breytist fjölskyldumynstrið. Fleiri heimili eru barnlaus en áður var. Meðalíbúafjöldi í íbúð var t.d. 2,73 íb/íbúð árið 1994. En fleira kemur til en breytt aldurskipting.



Mynd 12. Meðalfjöldi íbúa í hverri íbúð í Fjallabyggð 1994-2018.

Viðvarandi fólksfækkun eins og var á Siglufirði eftir síldarárin á 6. og 7. áratugnum og síðan eftir aldamótin 2000 fylgir einhver breyting á eignarhaldi. Fleiri íbúðir og fasteignir verða eftir slíkar breytingar í eigu annarra en heimamanna og voru það um 27% árið 2017 (tæp 26% árið 2014). Það hefur áhrif á útreiknaðan meðalíbúafjölda í hverri íbúð.

Fram yfir aldamót var meðalfjöldi íbúa í hverri íbúð svipaður eða nokkuð lægri en annars staðar á landinu, í kringum 2,5 sbr. mynd 12. Með brottflutningi og breyttri aldurssamsetningu er þessi tala orðin óvenju lág árið 2018.




Mynd 13. Lögheimili íbúðaeigenda í Fjallabyggð 2017. (Þjóðskrá Íslands, www.skra.is jan 2020)

3.2 ÍBÚÐIR OG ÍBÚÐAÞÖRF


Í sveitarfélaginu eru einbýlishús algengasta byggingaformið og algengasta stærð einbýlishúsa er á bilinu 150-200 m². Í gögnum sem unnin voru á skrifstofu Fjallabyggðar haustið 2015 kom í ljós að meðalstærð íbúða aldurshópsins 60 ára og eldri eru 153 m². Miðað við aldurssamsetningu sveitarfélagsins, íbúafjölda í hverri íbúð og fjölda og stærð einbýlishúsa má gera ráð fyrir að þörf verði fyrir litlar og meðalstórar íbúðir í rað-, par- og fjölbýlishúsum á skipulagstímabilinu.

Péttleiki í núverandi byggð eru 12 íbúðir á hektara (íb/ha) og er þar miðað við brúttóflatarmál landnotkunarreita (að miðlínunum aðliggjandi gatna og með götum og opnum svæðum innan hverfanna).

Áhersla verður lögð á að þetta byggð á núverandi íbúðarsvæði og miðsvæði þar sem víða er að finna lausar lóðir. Í Ólafsfirði eru lausar lóðir á Flæðunum en einnig er nægt landrými fyrir ný íbúðarhverfi.



Mynd 14. Hlutfall húsagerða í Fjallabyggð 2015.



Mynd 15. Hlutfall íbúðarstærða í Fjallabyggð 2015.

Ef miðað er við mannfjöldaspá Hagstofunnar (a) og að íbúum í Fjallabyggð fjölgi samkvæmt miðspá stofnunarinnar nemur það um 200 manns. Miðað við 2.200 íbúa og meðalfjölskyldustærð 1,8 íb/íbúð verður þörf fyrir um 140 íbúðir til viðbótar á skipulagstímabilinu.

Ef sett er upp dæmi þar sem gert er ráð fyrir að um 18-19% núverandi íbúða séu nýttar til tímabundinnar dvalar eða sem frístundahús þá verður meðalíbúafjöldi í hverri íbúð um 2,2. Áætluð íbúðapörf fyrir um 2.200 íbúa verður þá 1.000 íbúðir eða um 110-120 til viðbótar við þær íbúðir sem nú eru í notkun miðað við þetta dæmi.

Í grófum dráttum má áætla að innan núverandi byggðar og á nýjum byggingarsvæðum samkvæmt aðalskipulagi sé rými fyrir um 180-190 íbúðir í Ólafsfirði og um 120-130 íbúðir á Siglufirði, samtals um

300-320 íbúðir. Þá eru ótaldir þeir möguleikar sem falist geta í endurnýjun byggðar, þ.e. niðurrifi mannvirkja, sem lokið hafa hlutverki sínu, og endurnýjun með þéttari byggð.

Í drögum að húsnæðisáætlun Fjallabyggðar 2020-2027 er áhersla lögð á að fjölga litlum og meðalstórum íbúðum í sveitarfélaginu til að mæta eftirspurn ásamt því að huga að aukningu búsetuúrræða fyrir aldraða.

4 ATVINNULÍF


4.1 ATVINNUGREINAR

Helstu atvinnugreinar í Fjallabyggð eru sjósókn og fiskvinnsla (um 30%), ferðaþjónusta og þjónustustörf (um 20%) og opinber stjórnsýsla⁸. Síðustu ár hefur störfum í ferðaþjónustu, framleiðslu og iðnaði fjölgað í Fjallabyggð.

Þegar Héðinsfjarðargöng voru opnuð árið 2010 stöðvaðist stöðug fækkun íbúa sem verið hafði um áratugi. Það sýnir að vinnusókn hefur e.t.v. breyst auk þess sem aðgengi ferðamanna hefur bæst. Mikil aukning hefur verið á störfum tengdum ferðaþjónustu milli ára en ferðamönnum sem koma til Íslands hefur fjölgað verulega á síðustu árum. Búist er við áframhaldandi vexti í greininni. Markvisst hefur verið unnið að því að auka þjónustu við ferðamenn í sveitarfélaginu t.d. með byggingu nýs hótels og opnun nýrra veitingastaða. Nýr golfvöllur var opnaður í sveitarfélaginu sumarið 2018 og fjallaskíðamennska hefur verið að sækja í sig veðrið undanfarið. Framleiðslufyrirtæki munu auka umsvif sín í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu og má því gera ráð fyrir töluverðri fjölgun starfa ef áætlanir ganga eftir.

Atvinnuþátttaka var 54% árið 2008, þ.e. fjöldi starfandi sem hlutfall af íbúafjölda Fjallabyggðar. Árið 2018 var hlutfallið 52%.

Ekki hefur verið unnin sérstök atvinnustefna í Fjallabyggð.



Mynd 16. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014. Byggðastofnun.

Á greiningu Byggðastofnunar fyrir vinnusóknarsvæði má sjá að Fjallabyggð er tvöfalt. Svæði 11 nær inn í Fljót, að rótum Lágheiðar, um Héðinsfjarðargöng til Ólafsfjarðar. Ólafsfjörður en einnig á svæði tólf sem nær til Eyjafjarðar og tilheyrandi dölum.⁹

⁸ Hagstofa Íslands, 2017

⁹ Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014. Byggðastofnun, 2014.

Líklegt er að jarðgöng úr Burstabrekkudal yfir í Karlsárdal, sem styttr vegalengdina milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur um 4 km, og göng úr Siglufirði yfir í Fljót myndu hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf með aukinni samlegð vegna bættra samgangna. Með slíkum samgögnubótum verður sneitt hjá snjóflóðasvæðum þannig að auk styttingar vegalengda verður umferðaröryggi bætt verulega, sem auðveldar þjónustu- og atvinnusókn milli svæða.

4.2 ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

LEIKSKÓLAR

Leikskólar Brekkugötu 2, Siglufirði

Leikhólar Ólafsvegi 25, Ólafsfirði

GRUNNSKÓLAR

Grunnskóli Fjallabyggðar 1. – 5. Bekkur Norðurgötu, Siglufirði

Grunnskóli Fjallabyggðar 6. – 10. Bekkur Tjarnarstíg, Ólafsfirði

FRAMHALDSSKÓLI

Menntaskólinn á Tröllaskaga Ægisgötu 13, Ólafsfirði

TÓNLISTARSKÓLI

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga Aðalgötu 27, Siglufirði

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga Tjarnarborg, Ólafsfirði

HEILSUGÆSLA OG SJÚKRAHÚS

HSN á Siglufirði Hvanneyrarbraut 37, Siglufirði

HSN í Ólafsfirði Hornbrekku, Ólafsfirði

BÓKASAFN OG BÆJARSKRIFSTOFUR

Bókasafn og bæjarskrifstofa Ráðhúsinu, Siglufirði

Bókasafn og bæjarskrifstofa Ólafsvegi 4, Ólafsfirði

HJÚKRUNAR- OG DVALARHEIMILI, SAMBÝLI OG DAGVIST FATLAÐRA

Hjúkrunar- og dvalarheimili aldaðra Hornbrekku, Ólafsfirði

Hjúkrunarheimili aldraðra Hvanneyrarbraut 37, Siglufirði

Dvalarheimili aldraðra Skálarhlíð Hlíðarvegur 45, Siglufirði

Sambýlið-búsetukjarni fyrir fatlað fólk Lindargötu 2, Siglufirði

4.3 MIÐSVÆÐI

4.3.1 SIGLUFJÖRÐUR

Þjónusta á Siglufirði er að mestu leyti í miðbænum á eyrinni þar sem er að finna matvörubúð, bakarí, kaffihús, veitingahús, sjoppu, sérvörverslanir ásamt ýmiskonar þjónustufyrirtæki og stofnanir.

4.3.2 ÓLAFSFJÖRÐUR

Í Ólafsfirði er þjónusta að mestu beggja vegna Aðalgötu sem er eins og nafnið gefur til kynna aðalstofnæð í gegnum bæinn. Þar er m.a. að finna matvörubúð, kaffihús, félagsheimili og sérvörverslanir.

5 SAMGÖNGUR, VEITUR OG SORP

5.1 FLUGVÖLLUR

Flugbraut er á Siglufirði sem er í eigu og umsjá sveitarfélagsins. Flugvöllurinn er án þjónustu og lýsingar. Þar er leyfilegt sjónflug og sjúkraflug. Völlurinn eykur þannig öryggi íbúa og getur þjónustað ferðamenn.

5.2 VEGA- OG GATNAKERFI


Í sveitarfélaginu eru stofn- og tengivegir á vegum Vegagerðarinnar sbr. upptalningu og mynd 17:

Stofnvegir:

- Siglufjarðarvegur.
- Ólafsfjarðarvegur.
- Hafnarvegur Siglufirði.

Tengivegir:

- Skarðsvegur Siglufirði, að skíðasvæði.
- Ólafsfjarðarvegur frá Hornbrekku að sveitarfélagsmörkum á Lágheiði.
- Tindaaxlarvegur Ólafsfirði, að skíðasvæði.



Mynd 17. Núverandi stofn- og tengivegir í sveitarfélaginu. Umferðartalning var gerð árið 2018 af Vegagerðinni og er um að ræða meðalfjölda bíla á dag á ársgrundvelli (ÁDU).

Árið 2013 var unnin umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið sem var n.k. stöðumat og áætlun um forgangsroðun verkefna sem snúa að bættu öryggi vegfarenda.

5.3 VEITUR

5.3.1 BOÐVEITUR

Ljósleiðari liggur frá Akureyri gegnum Múlagöng til Ólafsfjarðar og þaðan gegnum Héðinsfjarðargöng til Siglufjarðar.

Einnig liggur ljósleiðari frá Ólafsfirði um Skeggjabrekkudal, fyrir botn Héðinsfjarðar og niður í Hólsdal á Siglufirði. Frá Siglufirði liggur síðan ljósleiðari um Siglufjarðarskarð til Sauðárkróks.

Fyrir tilstilli Landssímans var ljósleiðari lagður áfram meðfram ströndinni milli Ketiláss og Hofsóss. Sú tenging leysir af hólmi eldri örbylgjutengingu milli Hjallaness norðan Siglufjarðar og Sauðárkróks og lokar ljósleiðara hringtengingu á norðanverðum Tröllaskaga.

Milli Hjallaness og Siglufjarðar liggur nú ljósleiðari gegnum Strákagöng.

Önnur ljósleiðaratenging yfir Tröllaskaga liggur frá Sauðárkróki, yfir Heljardalsheiði norður Svarfaðardal og til Dalvíkur.

5.3.2 FRÁVEITA

Undanfarin ár hefur Fjallabyggð endurbætt holræsakerfið í báðum byggðarkjörnum með tilliti til mengunar- og umhverfismála ásamt því að gera kerfið betra varðandi aukið álag vegna flóða og úrkomu. Endurgerð holræsakerfisins er langt komin og lýkur árið 2020. Útrásur hefur verið fækkað og þær lengdar út í sjó. Þær endurbætur sem gerðar hafa verið koma í veg fyrir innstreymi sjávar inn í holræsakerfin en þegar mikið álag er á kerfunum þá safnast upp vatn í lögnunum þar sem há sjávarstaða heldur á móti rennslinu.

5.3.3 HITAVEITA

Hitaveita Siglufjarðar fær vatn úr borholum í Skútudal. Rarik rekur hitaveituna og keypti hana af Siglufjarðarbæ í upphafi 10. áratugarins.

Hitaveita Ólafsfjarðar tók til starfa árið 1944 og var lokið við að tengja síðasta húsið við veituna 15. desember 1944. Telja má hana fyrstu hitaveitu landsins sem hitaði heilt bæjarfélag. Norðurorka keypti Hitaveitu Ólafsfjarðar árið 2005 og rekur hana.

Norðurorka fær heitt vatn úr borholum að Laugarengi þar sem þarf að dæla. Dælurnar eru hraðstýrðar og stjórnast af vatnspörf bæjarins. Þá er sjálfrennandi vatn úr Skeggjabrekkudal, en árið 2014 var þar boruð ný hola til að auka afhendingaröryggi enn frekar.

5.3.4 VATNSVEITA

Vatnsveita Siglufjarðar var tekin í notkun árið 1911 og mun vera elsta vatnsveita landsins. Hún er enn við lýði þó svo að vatnsveita Siglufjarðar hafi tekið miklum breytingum. Venjuleg vatnsnotkun bæjarins er um 90 sekúndulítrar. Vatn er fengið undan Leyningsá og Fjarðará innarlega í Hólsdal, þar sem því er dælt í miðlunartank í fjallinu fyrir ofan Höfn sem síðan er sjálfrennandi áfram í þéttbýlið. Einnig eru lindir í hlíðinni neðan Hvanneyrarskálar virkjaðar.

Vatnsveita Ólafsfjarðar fær vatn sitt frá Brimnesdal og lind við Múlaveg og Hornbrekku.

5.3.5 RAFVEITA

Flutningslínur raforku eru í eigu og á ábyrgð Rarik. Raflínur eru enn innan Ólafsfjarðarvatns en að öðru leiti hafa raflagnir verið lagðar í jörðu.

5.4 ÚRGANGSMEDHÖNDLUN

Í Fjallabyggð er heimilissorp flokkað. Markmið sveitarfélagsins er að draga úr urðun á almennu sorpi og auka enn frekar endurvinnslu og endurnýtingu. Lífrænn úrgangur fer í jarðgerð hjá Moltu á Akureyri. Óflokkað sorp fer til urðunar á Sölvabakka við Blönduós.

Óvirkur úrgangur, s.s. múrbrot o.fl. er í dag urðaður við Selgil nyrst á Siglufirði og í ófrágenginni námu fyrir ofan Hlíðarveg í Ólafsfirði. Vegna nálægðar við fornminjar sem tengjast gamalli selstöð við Hvanneyrarsel, sunnan Selgils, verður óvirkum úrgangi fundinn nýr staður á Siglufirði.

Starfsstöðvar sorpflokkunar eru bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði á athafnasvæðum. Þar er m.a. móttaka fyrir spilliefni.

6 NÁTTÚRUVÁ

6.1 SNJÓFLÓÐ

Snjóflóð eru tíð í Fjallabyggð og hefur hættumat verið unnið fyrir þéttbýlisstaðina, beggja vegna Ólafsfjarðar og skíðasvæðin í Skarðsdal og Hólsdal. Einnig liggja fyrir drög að hættumati fyrir frístundabyggðina á Saurbæjarási og hesthúsasvæðið á Steinaflötum.¹⁰

6.1.1 ÞÉTTBÝLIN

Leiði- og varnargarðar hafa verið reistir bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði. Undir Jörundarskál og Strengsgiljum á Siglufirði árið 1998, við Hornbrekku í Ólafsfirði og ofan Siglufjarðar 2008. Byrjað var að reisa stoðvirki í Hafnarhyrnu ofan Siglufjarðar árið 2012.



Mynd 18. Snjóflóðavarnargarðar ofan Siglufjarðar.

Veðurstofa Íslands vinnur nú að endurmati snjóflóðahættumats í sveitarfélaginu eftir uppsetningu garða og varnarríkjanna. Hættumatslínur á skipulagsuppdrætti gefa því ekki rétta mynd af núverandi stöðu.

Fjallabyggð, ásamt fleirum, hefur sent ríkisstjórn Íslands áskorun um að ljúka sem fyrst uppbyggingu ofanflóðavarna.¹¹

6.1.2 SKÍÐASVÆÐIN Í SKARÐSDAL OG HÓLSDAL

Mörg snjóflóð hafa fallið í Skarðsdal svo sögur fara af og árið 1995 féll stórt snjóflóð úr norðurhlíð dalsins sem eyðilagði upphafsstöð og lyftuhús neðstu skíðalyftunnar. Í Hólsdal er skál sem talin er vera ein af hættulegustu upptakasvæðum landsins. Hættumat var unnið fyrir skíðasvæðið í Skarðsdal og Hólsdal árið 2011 af Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir færslu skíðaskála og neðstu lyftu ofar í fjallið á skipulagstímabilinu vegna snjóflóðahættu á núverandi stað. Gönguskíðabrautin, sem byrjar við

¹⁰ Línurnar hafa ekki verið fullkláraðar en hafa verið afhentar opinberum aðilum m.a. til skipulagsgerðar. sbr. tölvupóst frá Ragnari Heiðari Þrastarsyni dags. 19. desember 2018.

¹¹ https://www.ruv.is/sites/default/files/askorun_um_snjoflod.pdf

Íþróttamiðstöðina á Hóli, er utan skilgreindra hættusvæða. Daglegt eftirlit er fyrir bæði svæðin sbr. reglugerð nr. 636/2009.

6.1.3 HÉÐINSFJÖRÐUR

Snjóflóð hafa víða fallið í Héðinsfirði, en tíðni þeirra er misjöfn. Þau eru yfirleitt þurr flóð, sem falla í norðlægri stórhrið.

6.1.4 VEGIR

Nokkuð algengt er að Ólafsfjarðarmúla og Siglufjarðarvegi sé lokað vegna snjóflóðahættu.

6.2 SKRIÐUFÖLL

Aurflóðahætta er mest samfara mikilli rigningu eða hláku.

Aurskriður eru tíðar í Ólafsfirði og hafa valdið þar verulegu tjóni. Hins vegar er sú hætta sem lífi fólks í húsum er búin af slíkum skriðuföllum almennt mun minni en hætta vegna snjóflóða. Grafnir voru skurðir í hlíðina eftir aurflóðin 1988 til þess að draga úr líkum á að jarðvegur mettist á þeim svæðum sem skriður hafa oftast fallið. Þessi aðgerð virðist vel heppnuð og öflug og mikið vatn rennur um skurðina í vætutíð.¹²

Í tengslum við Dalvíkurskjálftann 1934 féll grjót úr Tindaöxl ofan við byggðina í Ólafsfirði og hafa skriður nokkrum sinnum fallið úr Tindaöxlinni og úr Ósbrekkufjalli.

Árið 2006 féll aurskriða á hús á Siglufirði eftir rigningar í nokkra daga.¹³

6.3 VATNSFLÓÐ

Í lok ágúst 2015 gerði mikið vatnsveður og flæddi Hvanneyrará, á Siglufirði, yfir bakka sína. Ræsi í vegum höfðu ekki undan og skemmdir urðu m.a. á vegum og húsum.¹⁴ Svipað magn úrkomu féll í byrjun ágúst 2019 og flæddi inn í kjallara á nokkrum húsum. Nú hafa ræsi undir Hólaveg og Fossveg verið tvöfölduð og unnið er að endurbótum holræsakerfa í báðum byggðarkjörnum m.a. svo það standist betur álag vegna flóða og úrkomu. Endurbæturnar koma m.a. í veg fyrir innstreymi sjávar inn í holræsakerfin¹⁵, sjá nánar í kafla 5.3.2. *Fráveita*.

6.4 SJÁVARFLÓÐ

Á strandlágum svæðum getur skapast hætta á sjávarflóðum af fjórum ástæðum:

- vegna hækkunar sjávarborðs á heimsvísu, spá Umhverfissráðuneytis gerir ráð fyrir 0,2-0,6 m á öldinni
- sigi á berggrunni, berggrunnurinn í sveitarfélaginu mun líklega síga um 35 cm á næstu 100 árum
- sig á fyllingum getur orðið um 30 cm
- vegna langrar öldu¹⁶

Nýjustu rannsóknir um hækkun sjávar benda til þess að sjávarstöðuhækkun í hafinu umhverfis Ísland geti orðið minni en hækkun sjávar á heimsvísu. Í drögum að skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2017 er gerð grein fyrir svæðisbundnum breytingum. Þær eru víða um 30% af hnattrænni hækkun en minnst suðaustan lands, um eða innan við 20%. Samanlagðar lóðréttar

¹² Mat á hættu vegna ofanflóða í Ólafsfirði. Hættumatsnefnd Ólafsfjarðarbæjar, 2005.

¹³ Áhættuskoðun almannavarna. Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild. 2011.

¹⁴ <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/nr/3185>

¹⁵ <https://www.fjallabyggd.is/is/stjornsysla/fjallabyggd/frettir-og-tilkynningar/frettatilkynning-vegna-mikillar-urkomu-i-fjallabyggd-undanfarna-solarhringa>

¹⁶ (Þorsteinn Jóhannesson, 2010)

jarðskorpuhreyfingar og hækkun sjávarstöðu vegna hnattrænnar hlýnunar gefa að 100 cm hnattræn hækkun verði 40-60 cm á austanverðum Tröllaskaga.¹⁷

Við deiliskipulagningu lágsvæða, þar sem ákvörðun er tekin um lágmarks land- og/eða gólfhæðir, skal stuðst við viðmiðanir byggðar á Lágsvæðaskýrslum sem taka mið af sjávarstöðu árið 2100. Þegar líftími hverfa eða mannvirkja er meiri en 100 ár þarf að taka tillit til væntanlegra sjávarstöðubreytinga til lengri tíma¹⁸.

Taka þarf tillit til bæði hækkunar sjávar og landsigs við ákvörðun um land- og gólfkóta. Á nýjum landfyllingum þarf auk þess að gera ráð fyrir umfram landsigi. Ákvæði um lágmarkshæð gólfkóta eru sett í almennum ákvæðum skipulagsins.

6.4.1 SIGLUFJÖRÐUR

Siglunes er nyrsta nesið milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar. Nesið og hellan sem teygir sig til vesturs virkar sem náttúrulegur öldubrjótur og skýlir Siglufjarðarhöfn fyrir úthafsöldu. Landbrot á Siglunesi ógnar því byggðinni í Siglufirði auk þeirra fornminja sem er að finna á Siglunesi, en Siglunes var eitt af fyrstu útverum landsins.

Sjór hefur gengið yfir Eyrina frá Óskarsbryggju að Bæjarbryggju og við Hvanneyrarkrök inn á Túngötu og nærliggjandi hús, sérstaklega í norðan- og norðaustanátt. Áhlaðandi getur hækkað sjávarstöðu um 1-2 metra og fylgir langvinnri NA átt.¹⁹ Samfelld sjóvörn er frá ípróttahúsi að Öldubrjót og austanmegin á Eyrinni.²⁰

Snjóflóð í austurhlíðum Siglufjarðar ollu flóðbylgjum árið 1919 og ef til vill einnig árið 1839 sem sýnir mikilvægi sjóvarna á Siglufirði.

6.4.2 ÓLAFSFJÖRÐUR

Í Ólafsfirði er mikið ölduálag og flóðahætta meðfram Ólafsfjarðaránni. Flóðvarnargarður var reistur árið 1995 á austurbakka Ólafsfjarðarár. Sjóvarnargarðar eru milli vesturhafnar og austurhafnar og norðan við höfnina.²¹ Talið er að hækka þurfi grjótvarnir til að hindra yfirrennsli óssins inn í Ólafsfjarðarvatn.²²

¹⁷ Sigurður Sigurðarson (2018:4). *Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð*. Vegagerðin, Reykjavík.

¹⁸ Sigurður Sigurðarson (2018:28). *Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð*. Vegagerðin, Reykjavík.

¹⁹ Áhættuskoðun almannavarna. Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild. 2011.

²⁰ Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011. Siglingastofnun Íslands. 2011.

²¹ Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011. Siglingastofnun Íslands. 2011.

²² Áhættuskoðun almannavarna. Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild. 2011.

7 AÐRAR ÁÆTLANIR

7.1 HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN

Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar sem geta átt við skipulagsáætlunina (kaflanúmer eiga við forgangsmarkmiðin):²³

6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að lágmarka allan úrgang og minnka umfang sorps sem fer til urðunar. Fráveita verður leyst eftir bestu tæknilegu lausn hvers tíma og í takt við þær kröfur sem gerða eru.

6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.

Vatnsverndarsvæði eru skilgreind við bæði þéttbýlin auk strandverndar í fjörðunum þremur og vatnsvernd á Héðinsfjarðarvatni og Ólafsfjarðarvatni.

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði...

Fjallabyggð leggur áherslu á skipulag fyrir litlar og meðalstórar íbúðir til að mæta þörfum ólíkra hópa í sveitarfélaginu og gefa íbúum kost á húsnæði við hæfi. Sveitarfélagið er með félagslegt húsnæði og búsetustuðning fyrir þá sem á þurfa að halda.

11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

Fjallabyggð er að stórum hluta á náttáurumínjaskrá auk vatnsverndar, hverfisverndar og sérstakra ákvæða sem stuðla að aukinni vistvernd s.s. í Héðinsfirði.

Fornminjar hafa verið skráðar og við ákvörðun um breytta landnotkun, s.s. skógrækt skal tekið tillit til þekkra fornminja og sérstakra jarðmyndana og vistkerfa.

Hverfisvernd er á hluta Þormóðseyrar á Siglufirði þar sem áhersla er á að vernda götumynd við elstu hús bæjarins.

11.A Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðapróun á landsvísu og innan svæða.

Aðalskipulagið styður við markmiðið með áætlun um bættar samgöngur til og frá sveitarfélaginu.

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

Skógrækt í litlum skala verður heimil án breytingar á aðalskipulagi en sett eru almenn ákvæði við val á svæðum. Er þetta gert til að hvetja landeigendur til eigin skógræktar án íþyngjandi stjórnýsluvinnu.**15.9**

²³ Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar (skoðað okt. 2019).

Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.

Í aðalskipulaginu er Héðinsfjörður ásamt útdölum skilgreindur sem sérstakur reitur með sérákvæðum sem snúa að vernd vistkerfis og ásynnd lands. Einnig hefur verið skilgreint hverfisverndarsvæði sem nær yfir Ólafsfjarðarvatn, bakka þess og votlendi sunnan þess m.a. til verndar vistkerfis.

7.2 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Markmið landsskipulagsstefnu er að setja fram leiðarljós um landnotkun, nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun²⁴ og skilvirkri áætlanagerð. Þá er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands.

Eftirtaldar áherslur landsskipulagsstefnu eiga við aðalskipulag Fjallabyggðar:

2.4 Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi: „Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.“

Sveitarfélagið er nærri að öllum hluta á náttúruminjasrá. Ferðaþjónusta hefur byggst upp bæði vegna þeirrar náttúruupplifunar sem svæðið býður uppá og vegna ríkrar sögu sem endurspeglast í byggðinni. Í skipulaginu er lögð áhersla á að vernda þá sérstöðu sem svæðið hefur s.s. með ákvæðum um eyðidalinn Héðinsfjörð og hverfisvernd á Kleifum.

2.8 Skipulag með tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga: „Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.“

3.7 Náttúruvá og loftslagsbreytingar: „Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.“

Tekið er mið af hækkun sjávarborðs og landsigs auk hættumats vegna ofanflóða í skipulaginu. Einnig er haft í huga að snjóflóð sem falla í sjó geta valdið sjávarflóði handan fjarðarins.

Útgefnu hættumati vegna ofanflóða er fylgt við afmörkun íbúðar-, frístunda- og hesthúsasvæða.

Gerð er grein fyrir takmörkunum á landnotkun vegna náttúruvár.

Skógrækt í litlum skala verður heimil án breytingar á aðalskipulagi en sett eru almenn ákvæði við val á svæðum. Er þetta gert til að hvetja landeigendur til eigin skógræktar án íþyngjandi stjórnsýsluvinnu.

3.2 Sjálfbært skipulag þéttbýlis: „Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þétttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.“

Í aðalskipulaginu eru áframhaldandi áform um þéttingu byggðar enda undirlendi í sveitarfélaginu af skornum skammti. Því er mikilvægt að nýta vel það byggingarland sem er að finna innan þéttbýlismarkna og er áhersla lögð á að deiliskipuleggja auðar lóðir í þegar byggðum hverfum.

²⁴ Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Slík þróun snýst um að auka efnahagsleg verðmæti um leið og gæðum náttúrunnar er viðhaldið og mannréttindi eflað fyrir alla jarðarbúa til langs tíma. Í stað orðsins *sjálfbær* má oft nota orðin *haldbær* eða *burðugur*.

3.3 Gæði hins byggða umhverfis: „Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.“

Áhersla er á að hæð nýrra húsa, útlit og hlutföll verði í takt við aðliggjandi byggð. Góðar tengingar verði inn á stígakerfi sveitarfélagsins.

Útivistarsvæði innan og í grennd við byggðina eru fjölbreytt og eiga að ná til allra aldurshópa. Lögð er áhersla á gott aðgengi að og um þau. Þetta eru strandsvæði, opin svæði, skógræktarsvæði og ýmis íþróttasvæði s.s. skíðasvæði, golfvellir, íþróttavellir og svæði fyrir hestaíþróttir.

3.5 Sjálfbærar samgöngur: „Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.“

Gert er ráð fyrir tveimur nýjum jarðgöngum, þ.e. frá Siglufirði yfir í Fljótin og frá Ólafsfirði til Dalvíkur. Þannig verði stuðlað að greiðum samgöngum allt árið um kring sem styrkt getur byggðina með stærra vinnusóknar- og þjónustusvæði.

Boðið er upp á skóla- og frístundaakstur virka daga á milli byggðarkjarna sveitarfélagsins fyrir nemendur og starfsmenn grunnskóla, almennungi er frjálst að nota ferðirnar ef pláss er í bílnum. Einnig ekur Strætó milli Fjallabyggðar og Akureyrar nokkrar ferðir á dag á virkum dögum og eina ferð um helgar. Endurskoðun á skipulagi ferða er reglulega í gangi með það að markmiði að bæta almenningssamgöngur á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar á hagkvæman máta.

Göngustígakerfi í þéttbýliskjörnunum er þétt og skilvirkt. Að ganga og hjóla ætti því að vera eftirsóknarverðari samgöngumáti en einkabíllinn til að fara stuttar vegalengdir enda hámarkshraði innan þéttbýlis 40 km/klst.

7.3 SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2025

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 var staðfest 7. október 2013.

Svæðisskipulagið nær til allra sveitarfélaga við Eyjafjörð en þau eru Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandahreppur og Grýtubakkahreppur.

Skipulagið nær einkum til eftirfarandi málaflokka:

- Byggðapróun og byggðamynstur
- Landnotkun
- Samgöngu- og þjónustukerfi
- Takmörkun á landnotkun
- Flutningslínur raforku

Markmið svæðisskipulagsins sem hafa áhrif á aðalskipulag Fjallabyggðar:

- Eyjafjörður skal vera eitt atvinnusvæði.
- Leggja skal áherslu á hagkvæmt byggðamynstur sem dregur úr þörf fyrir bílaumferð og bætir forsendur fyrir almenningssamgöngur svo og gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Taka skal mið af markmiðum um varðveislu góðs landbúnaðarlands við staðarval og skipulag byggðar.
- Gert er ráð fyrir jarðgöngum úr Burstabrekkudal í Ólafsfirði í Karlsárdal utan Dalvíkur.
- Gert er ráð fyrir jarðgöngum milli Siglufjarðar og Fljóta.
- Göngu- og hjólaleiðir verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.
- Reiðleiðir (stofnleiðir) verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Helstu viðfangsefni skipulags- og umhverfisnefndar við endurskoðun aðalskipulags Fjallabyggðar eru í samræmi við gildandi svæðisskipulag þar sem m.a. er lagt upp með að efla almenningsamgöngur milli byggðarkjarna og vinna markvisst að eflingu göngu- og hjólréiðastíga.

Áfram verður gert ráð fyrir nýjum jarðgöngum úr Burstabrekkudal í Ólafsfirði í Karlsárdal utan Dalvíkur og á milli Siglufjarðar og Fljóta.

7.4 SKIPULAG AÐLIGGJANDI SVEITARFÉLAGA

Aðliggjandi sveitarfélög eru Skagafjörður í vestri og Dalvíkurbyggð í suðri. Í samræmi við 3. mgr. 28. gr skipulagslaga nr. 123/2010 þá skal gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Sameiginleg skipulagsmál eru vegakerfi, raflínur, ljósleiðarar og verndarákvæði. Náttúruverndarsvæði nær yfir allt fjallendi Tröllaskaga og liggur um þrjú sveitarfélög.

7.4.1 SVEITARFÉLAGIÐ SKAGAFJÖRÐUR

Gert er ráð fyrir jarðgöngum milli Fljóta og Siglufjarðar í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021.

7.4.2 DALVÍKURBYGGÐ

Hverfisvernd í Múlanum í Dalvíkurbyggð liggur að sveitarfélagsmörkum.

Ekki er gert ráð fyrir göngum um Karlsárdal yfir í Ólafsfjörð í gildandi Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Við endurskoðun aðalskipulagsins, sem er hafin, verða göngin sett inn í aðalskipulag í samræmi við svæðisskipulag.

7.5 SAMGÖNGUÁÆTLUN 2019-2033

Grunnet vegakerfisins eru stofnvegir. Þeir tengja saman byggðir landsins. Til grunnnetsins teljast einnig allir áætlunarvellir, helstu flugleiðir og helstu hafnir, ferju- og siglingaleiðir meðfram ströndinni inn á hafnir. Siglufjarðarhöfn skal vera í grunnneti hafna. Siglufjarðarvegur (76), Hafnarvegur Siglufirði (792) og Ólafsfjarðarvegur, Hringvegur-Hornbrekka, (82) skulu vera stofnvegir í grunnneti.²⁵

7.6 NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Á náttúruminjaskrá eru tvö svæði, þ.e. Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar og Ólafsfjarðarvatn. Tekið var tillit til þeirra við stefnumótun aðalskipulagsins.

7.7 VELFERÐ TIL FRAMTÍÐAR

Skipulagið er í samræmi við stefnu ríkisstjórnar um velferð til framtíðar t.d. er:

- landnýtingu hagað með tilliti til náttúruvár
- stefnt að viðhaldi fjölbreytileika tegunda og vistgerða
- áhersla lögð á að nytjaskógrækt muni falla sem best að landslagi og vistkerfum lands

7.8 AÐGERÐAÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM 2018-2030

18. Skógrækt: Efling nýskógræktar til kolefnisbindingar

Stefnt er að aukinni skógrækt í sveitarfélaginu sem samræmist stefnu aðgerðaráætlunar. Skógrækt í litlum skala verður heimil án breytingar á aðalskipulagi en sett eru almenn ákvæði við val á svæðum. Er þetta gert til að hvetja landeigendur til eigin skógræktar án íþyngjandi stjórnsýsluvinnu.

²⁵ <https://www.althingi.is/altext/149/s/0174.html>

Sveitarfélagið styður þessa stefnu með því að beita fyrir sig hverfisvernd á votlendissvæði sunnan Ólafsfjarðarvatns.

7.9 STEFNUMÖRKUN ÍSLANDS UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ

Skipulagið styður við vernd líffræðilegs fjölbreytileika t.d. með vernd strandsvæða, Héðinsfjarðarvatns, Ólafsfjarðarvatns, með vernd Héðinsfjarðar og Leiranna í Siglufirði.

7.10 HÚSNÆÐISÁÆTLUN FJALLABYGGÐAR

Fyrir liggja drög að húsnæðisáætlun Fjallabyggðar unnið af KPMG. Þar eru settar fram helstu áherslur og reglur.

ÁHERSLUR OG ÞÖRF FYRIR ÓLÍKA SAMFÉLAGSHÓPA

ALMENNUR MARKAÐUR

Áhersla og þörf er á að fjölga litlum og meðalstórum íbúðum í sveitarfélaginu til mæta eftirspurn eftir slíkum eignum.

FÉLAGSLEGT HÚSNÆÐI

Offramboð er af félagslegu húsnæði í sveitarfélaginu. Fjallabyggð seldi eina eign á árinu 2018.

Stór hluti af íbúðum í félagslega kerfinu er notaður fyrir aldraða.

HÚSNÆÐI FYRIR ALDRAÐA

Félagsþjónusta skal stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra svo lengi sem verða má.

Þar sem um 20% íbúa Fjallabyggðar er 67 ára og eldri (og gert ráð fyrir að það hlutfall aukist) er mikilvægt að huga þarf að aukningu búsetuúrræða fyrir aldraða.

BÚSETA FYRIR FATLAÐ FÓLK

Búsetustuðningur er sérstakur stuðningur sem miðar að því að fatlað fólk geti búið þannig að sem best henti hverjum og einum. Búseta getur meðal annars verið í eigin húsnæði, almennri leiguíbúð, félagslegri leiguíbúð og á sambýli.

Ekki er til nein sérstök áætlun um uppbyggingu íbúða vegna efnahagsþróunar og svæðisbundinnar atvinnustefnu, ferðapjónustu né fólksflutninga milli svæða hjá sveitarfélaginu.

HELSTU MARKMIÐ OG ÁHERSLUR Í HÚSNÆÐISMÁLUM FJALLABYGGÐAR

Í deiliskipulagi nýrra íbúðarsvæða verði áhersla lögð á fjölbreytni í húsagerð og byggingu lítilla og meðalstórra íbúða.

Í deiliskipulagsvinnu verði lögð áhersla á sjálfbærni með áherslu á vistvænar samgöngur.

Stefnt er að þéttingu byggðar. Landnotkun á landfyllingu norðan Siglufjarðar verður endurskoðuð.

Endurnýjun á eldra húsnæði í eigu sveitarfélagsins með tilliti til aðgengis fyrir ólíka hópa.

REGLUR SVEITARFÉLAGSINS OG HÚSNÆÐISSTYRKUR

Sveitarfélagið hefur ekki sett sér reglur um stofnframlög og engin stofnframlög hafa verið veitt af sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið hefur ekki sett sér reglur um sérstakan húsnæðisstyrk. Sveitarfélagið hefur þó veitt húsnæðisstuðning sem nemur um 350 þús.kr. á mánuði

8 HEIMILDASKRÁ

Upplýsingar frá stofnunum og fyrirtækjum:

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Hagstofa Íslands

Veðurstofa Íslands

Vegagerðin

Minjastofnun

Byggðastofnun

Landbúnaðarháskóli Íslands

Þjóðskrá Íslands

Lög og reglugerðir:

Skipulagslög

Skipulagsreglugerð

Lög um mat á umhverfisáhrifum

Lög um umhverfismat áætlana

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028.

Áhættuskoðun almannavarna 2008-2011, Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild, Reykjavík, 2011.

Bjarni Jónsson (2001). *Veiðimálastofnun*, Reykjavík.

Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi I. Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík, 2005.

Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi II. Ritstj. Birna Lárusdóttir. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík, 2008.

Fornleifaskráning í Ólafsfirði. Ágústa Edwald o.fl. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík, 2006.

Hagtiðindi 2013:2, 22. ágúst 2013. *Spá um mannfjölda 2013-2060*.

Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2018-2066, niðurbrot mannfjölda Hagstofunnar í sveitarfélög. 2018:303

Mat á hættu vegna ofanflóða í Ólafsfirði. Hættumatsnefnd Ólafsfjarðarbæjar, 2005.

Ólafsfjarðarvegur (82) Dalvík-Ólafsfjörður. Endurbætur og leiðaval. GeoTek. Reykjavík, 2012.

Ólafur K. Nielsen. (2001). *Fuglalíf við vegstæði í Héðinfirði og Ólafsfirði*. Reykjavík: Vegagerðin á Akureyri.

Páll Halldórsson (2005), *Jarðskjálftavirkni á Norðurlandi*, Veðurstofa Íslands – Greinargerð 05021.

Páll Línadal. *Bæirnir byggjast*. Skipulagsstjóri ríkisins og sögufélag, Reykjavík 1982.

Sigurður Sigurðarson (2018). *Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð*. Vegagerðin, Reykjavík.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2025.

Sædís Gunnarsdóttir (2019). Bréf dags. 17.10.2019. *Staðfesting Minjastofnunar á stöðu fornleifaskráningar vegna aðalskipulags*. Minjastofnun Íslands, Akureyri.

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.

<https://www.althingi.is/altext/149/s/0174.html>

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014. Byggðastofnun, 2014.

Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011. Siglingastofnun Íslands. 2011.

Þorsteinn Jóhannesson (2010). Skv. tölvupóstssamskiptum dags. 5. mars 2010

Vegagerðin, Jarðfræðistofan ehf. okt. 2001. *Siglufjörður – Ólafsfjörður. Veggöng um Héðinsfjörð. Yfirlit yfir jarðfræði Tröllaskaga og aðstæður til jarðgangagerðar.*